

FRÉTTATILKYNNING

Könnun á öryggi barna í bílum við leikskóla 2015

Helstu atriði:

- Meðaltal látinna barna í umferðinni fer úr 5,5 í 0,8 á 30 árum
- Færri börn látast í umferðinni með aukinni notkun öryggisbúnaðar
- Árið 1985 voru 80% barna laus í bílum en árið 2015 eru þau 2%
- Mikill árangur með lagasetningu og aukinni vitund um öryggisbúnað
- Misjafn árangur milli sveitarfélaga
- Þrátt fyrir jákvæða þróun er niðurstaðan ekki ásættanleg
- Hástökk á Fáskrúðsfirði og Grindavík í auknu öryggi barna í bílum

Slysavarnafélagið Landsbjörg, Sjóvá, VÍS og Samgöngustofa gerðu haustið 2015 könnun á öryggi barna í bílum. Sambærilegar kannanir hafa verið gerðar undanfarin 30 ár en á árunum 1985 til 2011 voru árlega gerðar kannanir en eftir 2011 hafa þær verið gerðar annað hvert ár. Það er rétt að skipta þessu tímabili í tvennt. Annarsvegar „umferðarkannanir“ sem gerðar voru á árunum 1985 til 1995 af Umferðarráði og lögreglunni en þær voru ekki framkvæmdar við leikskóla og hinsvegar „leikskólakannanir“ sem hafa verið framkvæmdar frá 1996 til dagsins í dag.

Laus börn í bílum voru 80% en eru nú 2%


Nú liggur fyrir niðurstaða könnunarinnar 2015 sem gerð var við 60 leikskóla í 25 bæjarfélögum víða um land með 2.236 þátttakendum. Félagar í slysavarnadeildum og björgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar víða um land, starfsfólk tryggingafélaganna Sjóvár, VÍS og starfsfólk Samgöngustofu sáu að þessu sinni um framkvæmd könnunarinnar.

Það vekur athygli að árið 1985 voru um 80% barna alveg laus í bílum en í dag er það hlutfall komið niður í 2%. Á þessum þremur áratugum hefur banaslysum meðal barna í umferðinni fækkað umtalsvert.

Meðaltal látinna barna í umferðinni fer úr 5,5 í 0,8

Myndin hér að neðan sýnir fjölda barna á aldrinum 0 til 14 ára sem hafa látið lífið í umferðinni frá árinu 1985 til og með 2015. Um að ræða öll banaslys á börnum hvort sem þau voru vegfarendur í bíl, gangandi eða tilheyrðu annarskonar vegfarendahópum. Á áratugnum 1964 til 1973 var meðaltal fjölda látinna barna 5,5 börn en áratuginn 2006 til


2015 er það komið niður í 0,8 börn. Það er því um umtalsverða fækkun slysa meðal barna í umferðinni að ræða á þessum 30 árum.



Mikill árangur með lagasetningu og aukinni vitund um öryggisbúnað

Lagasetning um notkun öryggisbúnaðar fyrir börn og aukin notkun þess búnaðar í kjölfar fræðslu og kynninga er stór áhrifavaldur í fækkun banaslysa meðal barna í bifreiðum. Fækkun slysa á börnum sem tilheyra öðrum vegfarendahópum má einnig, ásamt fleiri þáttum, þakka almennri fræðslu og þá ekki síst í grunn- og leikskólum.

Á fyrstu árum þessara kannana voru niðurstöður vægast sagt óásættanlegar eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



1988 Ökumenn sektaðir fyrir að vera ekki í öryggisbeltum í framsætum


1990 Beltaskylda fyrir öll sæti í bíl og skylt að nota sérstakan öryggis- og verndarbúnað fyrir börn

1999 Sérstaklega skráð ef börn voru eingöngu í öryggisbeltum

Myndin hér að ofan sýnir samanburð milli ára 1985 - 2015. Tímabilið 1985 - 1995 er fengið úr umferðarkönnunum Umferðarráðs og lögreglunnar um börn í bílum án öryggisbúnaðar. Frá og með 1996 til dagsins í dag er stuðst við niðurstöður úr fyrrnefndri leikskólakönnun sem unnin er af félögum í slysavarnadeildum Slysavarnafélagsins Landsbjargar víða um land, starfsfólki tryggingafélaganna Sjóvá og VÍS og starfsfólki Samgöngustofu.

RAUTT merkir laus börn, **BLÁTT** börn eingöngu í öryggisbeltum og **GRÆNT** börn í viðeigandi öryggisbúnaði.

Ef skoðað er tímabilið sem leikskólakönnunin hefur verið framkvæmd (sjá mynd hér að neðan) þ.e. frá 1996 sést að tilfellum þar sem enginn búnaður er notaður hefur fækkað mikið, nánar tiltekið úr 32% árið 1997 í 2% árið 2015. Árið 1990 var sett í lög að skylt væri að nota sérstakan öryggis- og verndarbúnað fyrir börn í bílum og jafnframt var komið á beltaskyldu fyrir öll sæti í bíl.



Öryggi barna í bílum 2015. Samanburður milli ára, 1996 - 2015


Myndin sýnir hversu mörg prósent barna notuðu einhvern öryggisbúnað við komu í leikskóla. **RAUTT** merkir börn laus í bifreið án öryggisbúnaðar. **BLÁTT**: Notuðu eingöngu bílbelti, en það er ekki fullnægjandi búnaður fyrir aldurshópinn. **GRÆNT**: notuðu öryggisbúnað.

Þrátt fyrir jákvæða þróun er niðurstaðan ekki ásættanleg

Það er þó vitanlega ekki ásættanlegt að einhverjir skuli enn sleppa því að nota viðeigandi öryggisbúnað – búnað sem getur skilið milli lífs og dauða barns ef slys á sér stað. Að baki þessum 2% eru u.þ.b. 45 einstaklingar og það er því mikilvægt að niðurstöður þessarar könnunar séu kunngjörðar svo hægt sé að setja markið á enn betri og fullnægjandi árangur á komandi árum.

Misjafn árangur milli sveitarfélaga

Á myndinni hér að neðan má sjá samanburð milli sveitarfélaga í notkun öryggisbúnaðar barna við komu í leikskóla. Þeir staðir sem eru til fyrirmyndar þetta árið eru á höfuðborgarsvæðinu, Kópavogur og Seltjarnarnes en af landsbyggðinni Hofsós* (*Staður þar sem könnunin náði til færri en 20 tilfella). Á botninum hvíla Ólafsfjörður, með aðeins 68% barna í viðeigandi búnaði, Bolungavík með 67% í viðeigandi búnaði og Búðardalur með 80% með viðeigandi búnað.



Hástökk á Fáskrúðsfirði og Grindavík í auknu öryggi barna í bílum

Vinstra megin á myndinni hér að neðan má sjá þau sveitarfélög þar sem íbúar gættu hvað best að öryggi barna sinna og hægra megin eru þau sveitarfélög sem komu hvað verst út. Hér er unnt að sjá hvernig sveitarfélögin eru að standa sig milli ára 2013 og 2015. Mörg eru á góðri uppleið, önnur verma botninn.

Könnun 2013

Yfir 95%	90%	85%	80%	Undir 80%
Ísafjörður	Garðabær	Vestmannaeyjar	Siglufjörður	Fáskrúðsfjörður
Vopnafjörður	Reykjavík	Sauðárkrókur	Ólafsfjörður*	Grindavík
Seyðisfjörður*	Seltjarnarnes	Akranes	Garður	
Dalvík	Keflavík	Bolungavík*		
Höfn í Hornafirði	Bessastaðahreppur			
Reyðarfjörður				
Kópavogur				

* Staðir þar sem könnun náði til færri en 20 tilfella

Könnun 2015

Yfir 95%	90%	85%	80%	Undir 80%
Hofsós*	Vopnafjörður	Höfn í Hornafirði	Hellissandur	Bolungavík
Seltjarnarnes	Mosfellsbær	Seyðisfjörður*	Búðardalur	Ólafsfjörður
Kópavogur	Reykjavík	Akureyri		
Njarðvík	Garðabær	Hvolsvöllur		
Sauðárkrókur	Hafnarfjörður	Ólafsvík		
Keflavík	Grindavík	Patreksfjörður		
Fáskrúðsfjörður*	Akranes			
	Garður			

Þarna má sjá að nokkrir bæir hafa færst upp listann og hafa með afgerandi hætti bætt aðbúnað barna í bílum. Hástökkvarar eru Fáskrúðsfjörður og Grindavík en hafa ber í huga að á Fáskrúðsfirði náði könnunin að þessu sinni ekki 20 tilfella. Önnur sveitarfélög sem færast upp listann eru Seltjarnarnes, Kópavogur, Sauðárkrókur, Keflavík, Akranes og Garður. Önnur hafa staðið í stað eða færst neðar á listann.

Sífelld bætast ný sveitarfélög í hóp þeirra sem vilja láta gera könnun á öryggi barna í bíl. Markmiðið er að fá öll sveitarfélögin á landinu til að taka þátt í þessari mikilvægu könnun.

Nánari upplýsingar veita:

- Dagbjört H. Kristinsdóttir hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg í síma 895-2353
- Kolbrún Guðný Þorsteinsdóttir hjá Samgöngustofu í síma 480-6063